

Mál nr. 225/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega (G)

Maður slasast á hendi í byggingarvinnu þ.16.7.2007

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 24.6.2009
2. Greinargerð lögmanns M ásamt fylgiskjöllum 1-8
3. Bréf V dags. 8.7.2009

Málsatvik.

M slasaðist á hægri vísifingri þ.16.7.2007 þegar hann vann við smíðar sem starfsmaður G. M leitaði til læknis þ. 3.8.s.á og fékk lyfjameðferð en fór af landi brott skömmu síðar. M segir að frá 3 ágúst til 16. ágúst s.á hafi hann ekki getað unnið og sem afleiðingar slyssins segir M að hann geti sennilega aldrei beygt fingurinn eins og hann hefði getað áður. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega sem G er með hjá V. Fram kemur hjá lögmanni M að systið hafi verið tilkynnt til V þ. 20.10.2008 og bendir á að afleiðingar slyssins hafi verið mun alvarlegri en M hafi talið í fyrstu og hafi hann ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þess fyrr en um haustið eftir að hann hafði gengið undir lækni meðferð m.a. í Póllandi en óljóst sé hve lengi hún hafi staðið. Þá bendir lögmaðurinn á að ákvæði um ársfrestinn í l. nr. 20/1954 beri að skýra rúmt til hagsbóta fyrir tjónþola. M byggir á því að ársfresturinn hafi byrjað að líða þegar hann vissi um alvarlegar afleiðingar slyssins en fyrr ekki. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. l 20/1954 þar sem að ársfrestur til tilkynningar hafi verið liðinn en V hafi borist upplýsingar um að kröfum kynni að vera beint að félaginu þ 14. október 2008. Þá bendir V á að líta megi svo á að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafan er reist á strax á slysdegi en í síðasta lagi í lok ágúst 2007.

Álit.

V heldur því fram að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafa M er reist á strax á slysdegi eða í síðasta lagi í lok ágúst 2007. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að M hafi ekki haft þá vitneskju á þeim tíma. Tjónþoli sem vill bera fyrir sig að hann hafi ekki vitað um afleiðingar slyss fyrr en á ákveðnum tíma eftir slysdag verður að leggja fram gögn sem sanna eða gera sennilegar slíkar fullyrðingar. Engin gögn liggja fyrir um það af hálfu M og M því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega G hjá V þar sem að ársfrestur var liðinn þegar slysið var tilkynnt M miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.